

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á: nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. apríl 2021.

Umsögn Fræðslu og forvarna (FRÆ) um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (nikótínvörur), mál 713, lagt fram á 151. löggjafarþingi 2020–2021.

Fræðsla og forvarnir hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Ástæða er að fagna frumvarpinu. Með samþykkt þess er brugðist við ófremdarástandi sem ríkt hefur varðandi nikótínþúða og aðrar nikótínvörur og eytt ýmiss konar lagaóvissu varðandi markaðssetningu þeirra og sölu.

FRÆ tekur undir þá áherslu sem fram kemur í frumvarpinu um hagsmuni barna og ungmenna; það er að skýrt sé kveðið á um þá þætti sem snúa að þeim sérstaklega. Svo sem að tryggja skuli að nikótínvörur séu ekki geymdar eða staðsettar þar sem börn ná til og að einungis einstaklingum 18 ára og eldri verði heimilt að kaupa nikótínvörur og sama gildi um þá sem selja nikótínvörur.

Því ber einnig að fagna að óheimilt verður að hafa á umbúðum nikótínvara texta eða myndmál sem geti höfðað sérstaklega til barna og ungmenna, meðal annars með myndskreytingum eða slagorðum, og þannig hvatt til neyslu nikótínvara, en hið sama gildir í dag um rafrettur og áfyllingar fyrir þær.

Það er einnig mikilvægt að börn og ungmenni séu varin gegn ásókn og ágangi þeirra sem selja og markaðssetja nikótínvörum með því að banna sölu þeirra á ákveðnum stöðum þar sem börn og ungmenni halda til og banna notkun nikótínvara í skólum, menntastofnunum og öðrum húsakynnum sem ætluð eru til dagvistunar og félags-, íþrótt- og tómstundastarfs þeirra. Það sama má segja um að óheimilt sé að hafa á umbúðum nikótínvara texta eða myndmál sem getur höfðað sérstaklega til barna eða ungmenna og hvetja til notkunar nikótínvara. Svo og að bannað verði að auglýsa nikótínvörur eða sýna neyslu þeirra í auglýsingum.

Það er mikilvægt að tryggja neytendum skýrar upplýsingar um magn nikótíns í þessum vörum og gert að skilyrði fyrir sölu eða dreifingu á nikótínvörum eins og gert er um rafrettur og áfyllingar fyrir þær að viðvaranir um áhrif vörunnar á heilsu séu skráðar á umbúðir hennar og leiðbeiningar fylgi um notkun hennar og geymslu. Á markaði í dag má finna nikótínþúða þar sem upplýsingar um nikótíninnihald eru óljósar eða ekki til staðar. Slíkt býður heim hættu á eitrunum.

Virðingarfyllst.

F.h. stjórnar FRÆ, Fræðslu og forvarna,



Árni Einarsson, framkvæmdastjóri

Þekking í þágu forvarna